

Hafnarsjóður Húsavíkur  
Reinhard Reynisson, bæjarstjóri  
KETILSBRAUT 7-9  
640 Húsavík

**2000080018**  
6100; 6611; 9310

Reykjavík, 26. október 2000  
/--

**Efni: Efnisnám í Hlíðarhorni við Máná á Tjörnesi, af sjávarbotni við Héðinsvík og úr námu í Kötlum fyrir brimvarnargarð við Húsavíkurhöfn. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Hafnarsjóðs Húsavíkur að matsáætlun um efnisnám í Hlíðarhorni við Máná á Tjörnesi, af sjávarbotni við Héðinsvík og úr námu í Kötlum fyrir brimvarnargarð við Húsavíkurhöfn.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 22. september 2000 tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun:

Hafnarsjóður Húsavíkur, Stapi ehf. - Jarðfræðistofa og Siglingastofnun Íslands: Efnisnám í Hlíðarhorni við Máná á Tjörnesi, af sjávarbotni við Héðinsvík og úr námu í Kötlum fyrir brimvarnargarð við Húsavíkurhöfn. Tillaga að matsáætlun. 22. september 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Húsavíkurkaupstað, Tjörneshreppi, Náttúruvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Húsavíkurkaupstað með bréfi dags. 4. október 2000, Tjörneshreppi með bréfi dags. 10. október 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 2. október 2000, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 17. október 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 6. október 2000, Heilbrigðiseftirliti

Norðurlands eystra með bréfi dags. 3. október 2000 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 10. október 2000. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 12. og 17. október 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmd og framkvæmdasvæði**

Þann 26. júlí 2000 tók Skipulagsstofnun þá ákvörðun að bygging á nýjum brimvarnargarði og viðlegukanti á Húsavík væri ekki matskyld framkvæmd samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin benti á að í bréfi Siglingastofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 6. júní 2000 hafi komið fram það álit að efnistaka til byggingar nýs brimvarnargarðs á Húsavík væri háð mati á umhverfisáhrifum þar sem um væri að ræða námuvinnslu sem næmi meira en 150.000 m<sup>3</sup>.

Í tillögu að matsáætlun Hafnarsjóðs Húsavíkur kemur fram að efnisþörf í nýjan brimvarnargarð við Húsavíkurhöfn er áætluð samtals um 295.000 m<sup>3</sup>. Fyrirhugað sé að dæla 50.000 m<sup>3</sup> af mól og sandi upp af sjávarbotni í Héðinsvík og annað efni, grjót og sprengdur kjarni, verði tekið á tveimur svæðum, Hlíðarhorni á Tjörnesi og í Kötlum við Húsavík, samtals 245.000 m<sup>3</sup>.

#### *Náma í Hlíðarhorni við Máná á Tjörnesi*

Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að úr námunni í Hlíðarhorni sé áætlað að taka 140.000 m<sup>3</sup> af grjóti og að þegar hafi verið unnir 30.000 m<sup>3</sup>. Til að vinna um 110.000 m<sup>3</sup> sem eftir er þurfi að sprengja allt að 200.000 m<sup>3</sup> af föstu bergi. Núverandi stærð svæðisins er 10.000 m<sup>2</sup> og áætlað er að það stækki í um 20.000 m<sup>2</sup>. Fyrirhuguð efnistaka í Hlíðarhorni er meira en 150.000 m<sup>3</sup> og því matskyld framkvæmd samkvæmt 5. gr., sbr. 21. tl. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

#### *Náma í Kötlum við Húsavík*

Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að úr námu í Kötlum sé áætlað að taka um 105.000 m<sup>3</sup> af grjóti og lausu efni og að til að vinna það efni þurfi að sprengja allt að 100.000 m<sup>3</sup> af föstu bergi. Hlutfall stórgrýtis úr námunni í Kötlum sé mjög lágt, þannig að ef vinna ætti allt efni í brimvörnina þar, þyrfti að vinna 1.000.000-2.000.000 m<sup>3</sup> af föstu bergi. Einnig kemur fram að í námunni hafi áður verið unnir 140.000 m<sup>3</sup> af föstu bergi. Núverandi stærð svæðisins er 10.000 m<sup>2</sup> og áætlað er að það stækki í um 20.000 m<sup>2</sup>.

Fyrirhuguð efnistaka í Kötllum við Húsavík er minni en 150.000 m<sup>3</sup> og fellur ekki undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 6. gr. laganna ber að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar, með hliðsjón af viðmiðum sem fram koma í 3. viðauka með lögnum.

Skipulagsstofnun telur að óbreyttum ofangreindum forsendum og í ljósi þess að ekki hafa komið fram upplýsingar sem bendi til þessa að efnistaka í námu í Kötllum geti haft umtalsverð umhverfisáhrif skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

#### *Náma á sjávarbotni í Héðinsvík á Tjörnesi*

Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að gert sé ráð fyrir að vinna 50.000 m<sup>3</sup> af sandi og mól sem dælt verður af 10.000-20.000 m<sup>2</sup> svæði á sjávarbotni og að stærð raskaðs svæðis verði e.t.v. 20.000-30.000 m<sup>2</sup>. Fyrirhugaða efnistöku á sjávarbotni ber samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Í álit Hafrannsóknastofnunarinnar til Skipulagsstofnunar um matsskyldu byggingar brimvarnargarðs og viðlegukants á Húsavík, dags. 12. júlí 2000, kemur fram að þar sem ekki liggja fyrir vitneskja um botngerð og lífríki í Héðinsvík og mikilvægi svæðisins fyrir fiskveiðar sé ráðlegt að meta umhverfisáhrif þegar um svo verulegt efnisnám sé að ræða. Í álit Náttúruverndar ríkisins um matsskyldu byggingar brimvarnargarða og viðlegukants á Húsavík, dags. 6. júlí 2000, kemur fram að upplýsingar skorti sem skeri úr um hvort búast megi við umtalsverðum umhverfisáhrifum efnistöku í Héðinsvík. Bendir stofnunin á að ekki sé vitað um magn, umfang og nákvæma staðsetningu efnistöku. Einnig að ekki séu fyrirbyggjandi upplýsingar um áhrif efnistöku í sjó.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur hvorki fram hver verði endanleg staðsetning efnistökusvæðis í Héðinsvík né hvort hugsanlega megi afla umrædds magns af mól og sandi til framkvæmdarinnar með öðrum hætti og hvaða áhrif það kunnir að hafa á áætlun um efnistöku í Hlíðarhorni og í Kötllum.

Í umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um tillögu að matsáætlun efnistöku fyrir brimvarnargarð við Húsvíkurhöfn kemur fram að stærð efnistökusvæðisins og efnismagn sé á mörkum þess sem geri framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum. Bent er á að efnistaka úr sjó er, skv. lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins nr. 73/1990, háð leyfi iðnaðarráðherra. Einnig er bent á að með umsókn um leyfi þurfi að fylgja álit Hafrannsóknarstofnunarinnar um dýralíf svæðisins, einkum hvort finna megi sérstæð hrygningarsvæði fiska eða vistsvæði annarra dýrategunda, niðurstöður rannsókna á lausum jarðmyndunum svæðisins og vinnsluáætlun

þar sem fram koma vinnsluteigar og árlegt vinnslumagn. Að auki þurfi að leggja mat á hugsanlegt landrof sem efnistakan gæti leitt af sér.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um tillögu að matsáætlun efnistöku fyrir brimvarnargarð við Húsvíkurhöfn er talið nauðsynlegt að gerð verði athugun á mikilvægi svæðisins fyrir fiskveiðar. Varðandi botndýralíf í Héðinsvík þurfi að gera grunnkönnun á lífríki svæðisins með sérstöku tilliti til nytjastofna.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að leitað verði eftir skriflegu leyfi iðnaðarráðherra ef til efnistöku kemur við Héðinsvík og að fyrirhugað svæði verði kannað m.t.t. hugsanlegrar efnistöku áður en sótt verður um leyfi fyrir efnistöku. Lausar jarðmyndanir á viðkomandi svæði verði kannaðar m.t.t. efnismagns og efnisgerðar og að gerð verði vinnsluáætlun og lögð fram áætlun um árlegt vinnslumagn, jafnframt því sem lagt verði mat á hugsanlegt landrof frá efnistöku.

Skipulagsstofnun telur að í ljósi eðlis og staðsetningar framkvæmdar m.t.t. nýtingar náttúruauðlinda og þess hverjar líkur eru á áhrifum sé efnistaka á sjávarbotni í Héðinsvík matsskyld framkvæmd.

Skipulagsstofnun telur að í matsáætlun og matsskýrslu þurfi að koma fram staðsetning og stærð fyrirhugaðra efnistökusvæða í Hlíðarhorni við Máná á Tjörnesi og af sjávarbotni við Héðinsvík. Einnig komi fram heildarmagn efnis sem áætlað er að vinna á hvoru efnistökusvæði.

### **Efnisflutningur**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra bendir á að efnisflutningar með bílum eftir þjóðvegi og um götur Húsavíkur komi til með að valda ónæði vegna umferðar og hávaða.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir flutningsleiðum á framkvæmdatíma. Einnig telur stofnunin æskilegt að greint verði frá áhrifum umferðar m.a. hávaða og ónæði af hennar völdum vegna efnisflutninga í nágrenni íbúðarsvæða.

### **Skipulag og leyfi**

Í matsáætlun og matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um hvaða leyfum fyrirhuguð framkvæmd og starfssemi sem henni fylgir kann að vera háð.

*Náma í Hlíðarhorni við Máná á Tjörnesi*

Ekkert skipulag er í gildi á svæðinu. Vinna þarf deiliskipulag af mannvirkjum (prammaaðstöðu) og yfirlitsuppdrátt vegna framkvæmdaleyfa fyrir efnisnám og vegagerð. Sveitarstjórn Tjörneshrepps þarf að óska meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga vegna auglýsingar deiliskipulags og veitingar framkvæmdaleyfis.

*Náma í Kötlum við Húsavík*

Svæðið er innan marka Aðalskipulags Húsavíkur 1985-2005 sem staðfest var 6. mars 1987. Umrætt svæði er þar merkt sem „óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði“. Þar er ekki tekið á efnistöku. Breyta þarf aðalskipulaginu áður en unnt er að veita framkvæmdaleyfi.

*Náma á sjávarbotni í Héðinsvík á Tjörnesi*

Ekkert skipulag er í gildi á svæðinu. Sveitarstjórn Tjörneshrepps þarf að óska meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga vegna framkvæmdaleyfis.

*Nýr brimvarnargarður í Húsavíkurhöfn*

Skipulagsstofnun bendir á að bygging brimvarnargarðsins er ekki matsskyld en framkvæmdin er skipulagsskyld og þarf hann því bæði að vera í samræmi við aðal- og deiliskipulag.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Andrésdóttir

**Fylgiskjöl:**

Umsögn frá Húsavíkurkaupstað dags. 4. október 2000, Tjörneshreppi dags. 10. október 2000, Náttúruvernd ríkisins dags. 2. október 2000, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu dags. 17. október 2000, Hafrannsóknastofnuninni dags. 6. október 2000, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 3. október 2000 og Þjóðminjasafni Íslands dags. 10. október 2000

**Afrit :**

Siglingastofnun Íslands, Stapi ehf., Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Náttúruvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Þjóðminjasafn Íslands.